




Reykjavík, 27. febrúar 2025
USK24110163

Suðurlandsbraut 52 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. janúar 2025 var lögð fram fyrirspurn Cibo Amore ehf., dags. 13. nóvember 2024, um rekstur veitingastaðar í húsinu á lóð nr. 52 við Suðurlandsbraut.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Suðurlandsbraut 52 borgarhluta 4 Laugardalur og er hluti af miðsvæði M3a, Skeifan-Sogamýri.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 6. nóvember 2001, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 52 við Suðurlandsbraut er verslunar- og þjónustuhúsnæði á jarðhæð en á efri hæðum eru skrifstofur. Húsið var byggt árið 1991. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á því hvort að heimilt sé að reka veitingastað á jarðhæð hússins.

Húsið er staðsett á miðsvæði, M3a skv. aðalskipulagi en um það segir:

Miðsvæði (M3a,b). Einkum gert ráð fyrir verslun og þjónustu, skrifstofum, stofnunum og íbúðum. Léttur iðnaður er heimill en iðnaðarstarfsemi skal almennt vera víkjandi. Á svæði M3b er heimilt að byggja hjúkrunaríbúðir og íbúðir fyrir aldraða.

Í kafla 19.3 í aðalskipulagi er farið vel yfir sérstök ákvæði um veitingahús en veitingastaðir í flokkum I-III eru heimilaðir á svæðinu.

Afgreiðslutími áfengis miðast við hvernig veitingastað um ræðir.



Í 3. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitingastaði og gististaði segir:

Veitingastaði án áfengisveitinga (flokkur I) er heimilt að hafa opna allan sólarhringinn, með þeim takmörkunum þó sem lög og reglur settar skv. þeim setja eða ef takmarkanir koma fram í skilmálum hverfis- eða deiliskipulags. Stafi íbúum í nágrenni veitingastaðar ónæði af rekstrinum getur borgarráð þó takmarkað opnunartíma hans. Um útiveitingar fer eftir 8. gr.

Í 4. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitingastaði og gististaði segir:

Um veitingastaði þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar (flokkar II og III) gildir að þeim skal lokað þegar heimiluðum veitingatíma áfengis lýkur og má ekki opna þá að nýju að morgni dags fyrr en a.m.k. tveimur klukkustundum eftir að heimiluðum veitingatíma áfengis lýkur. Allir gestir skulu hafa yfirgefið veitingastaðinn eigi síðar en einni klukkustund eftir lokun hans.

Að lokum segir í 6. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitingastaði og gististaði:

Í miðborg, á miðsvæðum, á hafnarsvæði H2 í Örfirisey (sbr. mynd 6 í kafla um hafnarsvæði í AR) og athafnasvæðum má heimila veitingatíma áfengis frá kl. 11.00 til kl. 01.00 alla daga, þó til kl. 03.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga.

Niðurstaða

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við rekstur veitingastaðar á jarðhæð í húsinu að Suðurlandsbraut 52.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri